

Ísafjarðarbær  
Strjórnsýsluhúsinu,  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Selfoss, 13. mars 2019  
Tilvísun: 1610277

## Efni: Beiðni um umsögn vegna aukinnar framleiðslu Arctic Sea Farm að Snæfjallaströnd, Ísafjarðadjúpi

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Arctic Sea Farm vegna sjókvíeldis að Snæfjallaströnd í Ísafjarðadjúpi. Sótt er um 4.000 tonna framleiðslu á ári af regnbogasilungi og mun hámarkslífmassi stöðvarinnar ekki fara yfir 4.000 tonn. Um er að ræða umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir kynslóðaskiptu sjókvíeldi og starfsleyfi hefur verið gefið út af Umhverfisstofnun.

Í samræmi við 7. gr. laga 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldistofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í tilkynningu sem barst Skipulagsstofnun í desember árið 2013 og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 3. apríl 2019 og einnig á tölvupóstfang: [vigdis.sigurdardottir@mast.is](mailto:vigdis.sigurdardottir@mast.is). Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar

*Vigdís Sigurðardóttir*

Vigdís Sigurðardóttir  
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd Arctic Sea farm
2. Fylgiskjal 2: Ákvörðun um matsskyldu
3. Fylgiskjal 3: Starfsleyfi Umhverfisstofnunar